


8. febrúar 2022  
Hallveigarstöðum, Reykjavík

**Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um hraðari málsmeðferð og bættu réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis við hjúskaparslit. Þingskjal 175, 173. mál, 152. löggjafarþing.**

Kvenréttindafélag Íslands fagnar þessari tillögu til þingsályktunar sem felur innanríkisráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra að taka til endurskoðunar ýmis lög og reglugerðir, þar á meðal hjúskaparlög nr. 31/1993, með það að markmiði að stuðla að hraðari málsmeðferð við hjónaskilnaði, ekki síst til að bæta stöðu þolenda heimilisofbeldis. Einnig felur tillagan í sér að ákvæði reglugerðar um skilyrði gjafsóknar verði rýmkaðar þegar í stað svo að meðferð skilnaðarmála, fjárskipta eða forsjármála verði þolendum heimilisofbeldis ekki jafn íþyngjandi og hún er nú og að gerð verði greining á því hver er mannafla- og fjármagnspörf sýslumannsembættta til að tryggja í senn vandaða og skilvirka málsmeðferð skilnaðarmála og því sem þeim tengist.

Ofbeldi gegn konum er gríðarlega stórt vandamál í íslensku samfélagi. 40% kvenna á Íslandi hafa orðið fyrir ofbeldi einhvern tímann á ævinni sinni samkvæmt tölum úr rannsókn Háskóla Íslands Áfallasaga kvenna (<https://afallasaga.is>), og í rannsókn sem unnin var af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd fyrir félags- og tryggingarmálaráðuneytið árið 2010, sögðust rúmlega 22% kvenna á Íslandi hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma frá 16 ára aldri (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi*).

Kvenréttindafélag Íslands styður allar réttarbætur sem aðstoða konur að flýja ofbeldi. Félagið hvetur Alþingi til að styðja þessa tillögu til þingsályktunar.



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir  
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands